

147

7. gr.

25. ágúst

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn: Hreppstjóri Laxárdalshrepps, sem er sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar, oddviti hreppsnefndar og einn maður kosinn af hreppsnefnd til fjöggra ára í senn. Sé hreppstjóri jafnframt oddviti, tekur varaoddviti sæti í stjórninni meðan sú skipan helzt.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók. Í gerðabókina skal færa skipulagsskrá þessa, allar fundargerðir stjórnarinnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum, framlög og styrk úr sjóðnum og yfirleitt allt, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur allar eignir og ársreikninga yfir tekjur og útgjöld sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Hreppsnefnd Laxárdalshrepps skal árlega endurskoða reikninga sjóðsins, en stjórn hans síðan sjá um að þeir séu birtir í Lög- birtingablaðinu eða því blaði, sem flytur stjórnarvaldauglýsingar.

Lambastöðum, 7. apríl 1942.

Þórey K. Þorleifsdóttir. Árni L. Tómasson.

148

4. sept.

AUGLÝSING

um viðauka við hafnarreglugerð fyrir Raufarhöfn, nr. 65 29. apríl 1941.

Á eftir 24. gr. hafnarreglugerðarinnar komi bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði.

Öll gjöld samkvæmt ákvæðum hafnarreglugerðarinnar skulu frá og með 1. október 1942 innheimtast með 50% hækkun.

Reglugerðarviðauki þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 68 11. júní 1938 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. september 1942.

Magnús Jónsson.

Páll Pálmason.

149

9. sept.

AUGLÝSING

um alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 18. og 19. okt. n. k.,
framlagning kjörskrár og fresti.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 80 1. september 1942, um kosningar til Alþingis, er hér með mælt svo fyrir, að auglýsingafrestur sá, er getur í málsgreininni, skuli falla niður.

Samkvæmt heimild í 23. gr. kosningalaganna er enn fremur frestur sá, er getur í 1. mgr. 19. gr., stytur þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 5 vikum fyrir kjördag.